

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 291

september 2015



We Serve

September 2015. Blað nr. 291
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku,
farsí, finnsku, flæmsku,
frönsku, grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku,
kóresku, norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tælensku,
tyrknesku og þýsku. Þrjátíu
Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur
út sex sinnum á ári.

Lionskrifstofan, Sóltúni 20, 105
Reykjavík er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 15.00
Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna
Guðmundsdóttir.



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2015 – 2016
Fjölumðæmisstjóri: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn
Umdæmisstjóri 109A: Jón Pálmason,
Lkl. Viðarri.
Umdæmisstjóri 109B: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.
Fjölumðæmisritari: Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur
Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Tryggvi
Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.
Vara fjölumðæmisstjóri: Árni
Brynjólfur Hjaltason Lkl. Njarðvíkur
Protokol- og þingsstjóri og NSR
Coordinator: Kristinn Hannesson,
Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson,
Lkl. Akraness.
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,
Lkl. Geysi
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl.
Búðardals.
Netstjóri: Skúli Guðmundur
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.
NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór
Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.
GLT stjóri (menntun og
leiðtogaþjálfun): Halldór
Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun):
Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl.
Seylu.
GMT/konur í Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik
NSR-AU nefndarmaður/
Lestarátaksstjóri: Hrund Hjaltadóttir,
Lkl. Fold.
Félagastjóri: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl.
Embla
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv.
alþjóðastjórnarmaður, Lkl.
Mosfellsbæjar.
Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl.
Seltjarnarness.
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
Þorsteinsdóttir, Lkl. Aesa.
Ungmennaverkefnastjóri: Anna
Kolbrún Árnadóttir, Lkl. Ylfa.
LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar
maður:
Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.
Mosfellsbæjar.
Afmælisnefnd Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik
MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,
Lkl. Tý.
Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
Lkl. Ylfa.
Formaður Kjaransorðunefndar. Daniel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Laganefnd (form.): Kristinn
Kristjánsson, Lkl. Hveragerði
Lions Quest stjóri: Magnús J.
Magnússon, Lkl. Selfoss.
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Skoðunarmaður (aðal): Daniel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.
Varaumðæmisstjóri 109A: Gunnar
Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.
Varaumðæmisstjóri 109B: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:
Sveinn Ingi Lýðsson, Lkl. Álftaness.
Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Björn
Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Frankvæmdastjórn
Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:
International President: Dr. Jitsuhiro
Yamada Japan
Immediate Past President: Joseph
Preston USA
First Vice President: Robert E. Corlew
USA

Second Vice President:
Naresh Aggarwal Indland
First Year Directors
Melvin K. Bray,
Pierre H. Chatel,
Eun-Seouk Chung,
Gurcharan Singh Hora,
Howard Hudson,
Robert M. Libin,
Richard Liebno,
Helmut Marhauer,
Bill Phillipi,
Lewis Quinn,
Yoshiyuki Sato,
Gabriele Sabatosanti Scarpelli,
Jerome Thompson,
Ramiro Vela Villarreal,
Roderick "Rod" Wright,
Katsuyuki Yasui.

Second Year Directors:
Svein Øystein Bertsten,
Jorge Andrés Bortolozzi,
Eric R. Carter

Charlie Chan,
Jack Epperson,
Edward Farrington,
Karla N. Harris
Robert S. Littlefield, Ph.D.
Ratnaswamy Murugan,
Yoshinori Nishikawa,
George Th. Pappas,
Jouko Ruissalo,
N.S. Sankar,
A.D. Don Shove,
Kembra L. Smith
Dr. Joong -Ho Son
Linda L. Tinch
Fábio de Almeida,
Lawrence A. „Larry“ Dicus
Roberto Fresia
Alexis Vincent Gomés
Chynthia B. Gregg,
Byung-Gi Kim
Ester LaMothe
Yves Léveillé
Teresa Mann
Raju V. Manwani
William A. McKinney
Michael Edward Molenda
John Pettis, Jr.
Robert Rettby,
Emine Oya Sebük
Hidenori Shimizu
Dr. Steven Tremaroli
Upplag: 2400 eintök – Pökkun og
dreifing: Lionsklúbburinn Fjörgyn
Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Dr. Jitsuhiro Yamada
ásamt eiginkonu sinni.



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er komið að fyrsta blaði þessa starfsárs. Margir hafa komið að útgáfu þessa blaðs en betur má ef duga skal. Ég vil auglýsa eftir því að fleiri klúbbar sendi frá sér greinar um starfið ásamt myndum. Blaðið er fréttaveita okkar lionsmanna ásamt heimsíðunni sem því miður er ekki tilbúin enn en það stendur til bóta. Áætlað er að endurbætt síða fari í loftið fljótlega eftir áramót. Það væri óskastaða að ég hefði það mikið efni í blaðið að ég gæti valið greinar í það ásamt því að birta fleiri greinar á heimasíðu sem ekki ná í blaðið. Ég vil því skora á stjórnir klúbbanna að skipa blaðafulltrúa sem ber að koma 1 – 2 greinum í blaðið á ári. Það væri líka gott ef svæðisstjórar myndu skrifa greinar í blaðið og segja frá sínu starfi því það er eitt af því mikilvægasta í hreyfingunni. Þeir koma víða við og hitta allar stjórnir klúbbanna á landinu og hafa örugglega frá mörgu að segja sem væri áhugavert fyrir lionsmenn og aðra að lesa um.

Starfið í klúbbunum er nýhafið og því ekki mikið um greinar úr starfinu í þessu blaði en ég vænti fleiri greina í næsta blaði sem stefnt er að komi út í byrjun nóvember og er skilafrestur á greinum í því nefndur hér í blaðinu.

Ég óska öllum lionsmönnum farsældar í starfi sínu í vetur og hlakka til að lesa um það í blaðinu og á heimasíðunni.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með kveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Fjölbreytnin er styrkur okkar

Septemberpistill Alþjóðaforseta

Joesph Preston

alþjóðaforseti



Samfélag okkar í Japan á mikið inni vegna bushido, siðareglum samurai. Samurai hefur jákvæðar og neikvæðar hliðar, en samurai viðheldur stöðugleika og tryggir frið. Aðrar jákvæðar hefðir bushido er virðing fyrir öldruðum, vernda þá veiku og hafa réttlæti og virðingu í heiðri. Allir menningarheimar hafa sína kosti, og hver og ein af hinum 210 þjóðum

frá mismunandi heimshlutum sem Alþjóða Lionshreyfingin samanstendur af, leggur fram sitt í styrk og lífskrafti hreyfingarinnar. Hin marglitu klæði Lions, á endingu og sveigjanleika, hinum ólíku og einstöku þráðum að þakka. Með öðrum orðum, fjölbreytni er styrkur okkar. Við erum ekki færiranda samtök. Ein stærð passar ekki öllum. Klúbbarnir eru frjálssir að velja sín eigin verkefni og sína féлага. Því meira sem við metum fjölbreytileikann og höfum hann í heiðri, því betur gengur okkur. Svo að á þessu ári hvet ég klúbbana til að fjölga konum, ungu fólki og fólki á miðjum aldri til að auka fjölbreytnina í hreyfingunni. Klúbburinn eykur víðsýnina og endurnýjar orkuna með fjölbreytni í félögum. Af sömu ástæðu skuluð þið ekki hika við að reyna ný verkefni. Við megum ekki staðna. Við borðum ekki gamalt og uppþornað brauð eða hrísgrjón og við viljum ekki að klúbburinn okkar fari á sama veg. Við verðum að hafa hugrekki til að breyta klúbbnum í ungan, frískan og líflegan klúbb. Við verðum líka að vinna saman. Ævagömul saga lýsir styrk samvinnunar: Kraftmikill samurai höfðingi, Mori Motonari, tók þrjá syni sína til hliðar þar sem hann braut

eina ör auðveldlega í sundur. En þegar hann lagði þrjár örvar saman, gat hinn sterki maður ekki brotið þær í sundur. Skilaboðin eru skýr. Bandaríkjamenn eiga svipað orðatiltæki: Sameinaðir stöndum við, sundraðir föllum við. Þegar hinar 1,4 milljónir í lionsfjölskyldunni, standa saman, þá getum við tundrað þjónustukyndil okkar um veröld alla. Svo á þessu ári skulum við innlima samurai andann. Lionsfélagar, verðum samurai. En fyrir alla muni geymið beittu sverðin heima þegar þið vinnið að verkefnum, takið bara með ykkur samurai andann.

Dr. Jitsuhiro Yamada
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson



Opið hús

Við höldum áfram með Opið hús í Lionsheimilinu í vetur. Núna verður það annan hvern föstudag í mánuði, í hádegjunni, kl. 12:00-13:00, frá október fram í apríl. Þar hittast Lionsfélagar, til að spjalla saman, minnst gömlu góðu daganna og spá í framtíðina. Einnig verða öfréttir og hressilegar umræður. Boðið verður upp á kaffi og kleinur, súpu og brauð á 500 kr.

Setjið þessar dagsetningar í dagbókina ykkar

- Föstudaginn 9. október, 2015 kl. 12:00-13:00 – Opið hús í Lionsheimilinu.
- Föstudaginn 13. nóvember, 2015 kl. 12:00-13:00 – Opið hús í Lionsheimilinu.
- Föstudaginn 11. desember, 2015 kl. 12:00-13:00 – Opið hús í Lionsheimilinu.
- Föstudaginn 8. janúar, 2016 kl. 12:00-13:00 – Opið hús í Lionsheimilinu.
- Föstudaginn 12. febrúar, 2016 kl. 12:00-13:00 – Opið hús í Lionsheimilinu.
- Föstudaginn 11. mars, 2016 kl. 12:00-13:00 – Opið hús í Lionsheimilinu.
- Föstudaginn 8. apríl, 2016 kl. 12:00-13:00 – Opið hús í Lionsheimilinu.

Sjáumst hress og kát á fyrsta Opna húsinu 9. október næstkomandi.
Einar Þórðar og Ingimundur Andrésón.



Skilafrestur á efni í næsta blað er 22. október

Kæru félagar

Jón Pálmason

umdæmisstjóri 109A



Að afloknum fyrsta umdæma- og fjöl-umdæmisfundum starfsársins sem við höldum sameiginlega, vil ég nú staldra við og fara yfir stöðuna. Við sem stóðum að fundinum eru nokkuð ánægðir með hvernig til tókst og með þátttöku fundarmanna í að koma með hugmyndir að starfi vetrarins. Við umdæmisstjórnarnir höfum haft þann háttinn á að vera með sameiginlega framsögu. Við teljum okkur vera markvissari með því að hafa þennan háttinn á.

Framboð Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur í stöðu alþjóðaforseta var að sjálfsögðu áberandi á fundinum. Staða hennar er frækileg og verður ef rétt er haldið á spilunum, okkur í Lions á Íslandi til mikillar virðingar. Við munum gera allt til þess að halda framboði hennar á lofti. Guðrún Björt verður fyrsta kona sem verður forseti Lions. Kosning hennar sem 2. varaforseti á alþjóðþingi í Japan næsta sumar og að hún tekur við starfi alþjóðaforseta í Las Vegas 2018, er árangur af áratuga starfi hennar fyrir Lions út um allan heim. Guðrún er búin að kenna á leiðtoga-



skólum í flestum heimshornum. Búin að taka þátt í margskonar nefndastarfi og þar með fá mjög mikla yfirsýn um starf Lions. Keppinautar hennar standa henni langt að baki á þessu sviði. Þess vegna fær hún einróma stuðning allrar alþjóðlegrar yfirstjórnar Lions til framboðsins.

Félagfjöldi í umdæmi 109A hefur undanfarið verið að dala. Nú er svo komið að fjöldi félaga nálgast hættumörk að umdæmið sé löglegt. Við þurfum að gera allt til að snúa vörn í sókn. Ég tel að það séu mörg tækifæri til þess að það sé hægt. Til dæmis aukin áhersla á fjölgun kvenna í Lions og skipuð hefur verið sérstök nefnd sem á að vinna að þessu verkefni. Leita á leiða til að finna svæði þar sem hægt er að stofna kvennaklúbba og/ eða blandaða klúbba. Starfshópurinn er strax komin með hugmyndir sem þarf að vinna að. Markmið okkar umdæmisstjóra er einnig að styrkja innviði klúbbanna. Við viljum greina veika klúbba og leita leiða til að styrkja þá. Við teljum að við það að bæta starfið í núverandi klúbbum sé hægt að minnka gegnumstreymi félaga í klúbbum. Oft hefur verið talað um að við fáum marga nýja félaga en okkur takist ekki að halda þeim í klúbbunum. Í einhverjum tilfellum er það vegna þess að þessir nýju félagar passa ekki inn í hópinn en oftar en ekki er það vegna þess að starfið í klúbbnum

er ekki nógu áhugavert eða ekki nógu skemmtilegt. Við teljum því brýnt að við gerum allt til að félagarnir fari ánægðir heim af fundum.

Ungmennaverkefni hafa alla tíð skipað stóran sess hjá okkur. Sett voru endurnýjuð markmið í nokkrum þeirra á fjöl- og umdæmisfundinum má þar ef til helst telja lestrarverkefni. Hópurinn hefur verið að vinna að útgáfu bókar í samstarfi við Iby, félag áhugamanna um barnabókmenntir. Umræðan í þjóðfélaginu hefur verið hástemmd og við viljum vera með í að stuðla að betra læsi og þar eru ýmis tækifæri. Einnig var farið yfir ungmennaskiptin. Ungmennabúðirnar sem haldnar voru í Hveragerði tókust mjög vel. Gaman var að heimsækja erlendu ungmennin sem heimsóttu Lionsklúbbana á Suðurlandi.

Kynningarnefndin, setti sér háleit markmið um að endurbæta vefinn og blaðið okkar í vetur. Við munum gera allt til þess að styðja við starf hennar. Gert er ráð fyrir að nýr vefur fari í loftið í janúar.

Að lokum við ég segja að veturinn verður annasamur eins og alltaf. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að starf Lions á Íslandi eflist á þessu starfsári og til þess eru fjölmörg tækifæri ef vel er unnið.

Minning † Gerður Hauksdóttir



f. 10.05 1949
d. 17.07 2015

Við félagar í Lionsklúbbnum Björk minnumst með virðingu og þakklæti fyrrum félaga okkar Gerðar Hauksdóttur sem lést 17. júlí s.l. Gerður gekk til liðs við Lionshreyfinguna í mars árið 2000 og var hún bæði góður og öflugur félagi. Hún vann vel að þeim verkefnum sem klúbburinn tók sér fyrir hendur og var ávallt tilbúin að leggja lið. Við þökkum samfylgdina og sendum fjölskyldu hennar innilegar samúðarkveðjur.

Félagar í Lionsklúbbnum Björk

Alþjóðþjónusta

ENGLAND

Sólskinsbros



Rosie Sheaf með börnum í Zimbabwe sem nutu hjálpar hennar.

Rosie Sheaf, enskur tannfræðingur, lagði land undir fót ásamt Sérfræðingum í tannlækningum til nokkurra smáþorpa í Zimbabwe til að sinna tannviðgerðum og fræðslu um tannhirðu.

Fæstir þorpsbúa höfðu nokkru sinni farið til tannlæknis. „Á hverjum einasta degi tókum við á móti börnum jafnt sem fullorðnum með ótrúlega skemmdar tennur“, sagði Rosie.

Rosie og félagar gerðu við tennur, útdeildu tannburstum og kenndu undirstöðuatriðin í almennri tannhirðu og sagði Rosie það hafa gefið þeim mikið að geta linað þrautir fólksins með einföldum tannviðgerðum.

Dentaid (Tannhjálp) sem er staðsett í Salisbury og starfar í ellefu löndum, styrkti verkefnið eins og mörg önnur. Breskir lionsklúbbar hafa stutt Dentaid síðan 2001 en félagarnir safna tannlækningatækjum, gera þau upp og greiða allan ferðakostnað. Rosie var lionsklúbbunum sem komu að verkefninu afar þakklát fyrir stuðninginn. Kvað hún ferðina hafa tekið á en verið gríðarlega hvetjandi og sagði hún aðdáunarvert hvað fólki tekst að halda ró sinni og gleði þrátt fyrir erfiðleika.

ÍTALÍA

Ný aðstaða fyrir blindrahunda á Ítalíu



Leiðsöguhundar þjálfaðir á Ítalíu.

Lionshreyfingin á Ítalíu hefur þjálfað leiðsöguhunda fyrir blinda síðan 1959 og ráðstafað yfir tvö þúsund hundum. Framtíð þessa verkefnis var tryggð fyrir skömmu þegar Lions opnaði nýja aðstöðu fyrir þjálfun leiðsöguhunda í Limbiate, í nágrenni Mílanó.

Húsnæðið getur hýst 76 hunda auk þess sem það býður upp á aðstöðu fyrir dýralækni og fjórar íbúðir fyrir sjóndapra einstaklinga til afnota meðan þeir læra að umgangast hundana sem þeim verður síðan úthlutað.

Þessi aðstaða er ekki aðeins ætluð til hundþjálfunar heldur nýtist hún einnig sem ráðgjafarmiðstöð fyrir sjóndapra. Lionshreyfingin á Ítalíu leggur um þessar mundir áherslu á að kynna málefni blindra, sérstaklega er varðar réttindi þeirra og reisn.

Kæru Lionsfélagar

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Fjölumdamisstjóri



Undirbúningur starfsársins hófst með för okkar á alþjóðþing Lionshreyfingarinnar sem var að þessu sinni haldið í Honolulu á Hawaii eyjum. Þar settust okkar góðu umdamisstjórar þeir Jón Pálmason og Stefán Árnason á skólabeck og útskrifuðust með miklum sóma eftir þriggja daga skólavist. Þingið sjálft var haldið í stórri ráðstefnumiðstöð sem var í göngufæri frá hótelum okkar. Skrudgangangan góða var á sínum stað og var gengið niður eftir Waikiki ströndinni og var hún tilkomumikil að vanda og greinilegt að Lionsfélagar frá þátttökulöndum alþjóðþingsins lögðu mikið á sig til að hreppa verðlaunasæti en sérstök dómnefnd metur frammistöðu þátttakenda en Skandínaía sem er okkar hópur hlaut annað sætið.

Nýr alþjóðafarseti var kjörinn á þinginu, Dr. Jitsuhiro Yamada sem er heila- og taugaskurðlæknir. Eiginkona hans er Dr. Toshiko Yamada sem einnig er læknir.

Eftir heimkomuna hefur verið unnið markvisst að skipuleggja vetrardagskrána en ætlunin er að viðburðardagatal starfsársins verði öllum opið á heimasíðu Lionshreyfingarinnar. Handbók með starfslýsingum embætta hefur nú verið uppfærð en sú breyting er frá síðasta ári að bókin nær einnig til fjölumdamisráðs og embætta þar.

Fyrsti fundur starfsársins sem var sameiginlegur fundur fjölumdamisráðs og umdamisstjórna var haldinn síðustu helgina í ágúst að Radisson Blu Hótel Saga og var ánægjulegt að sjá hve mæting þeirra sem eiga sæti í fjölumdamisráði og umdamisstjórnunum var góð. Fyrir hádegi voru ávörp stjórnenda, úthlutun fjár til verkefna var kynnt og afhent embættisbréf auk þess var kynning á nýkjörnum alþjóðafarseta. Eftir hádegi var þátttakendum skipt upp í vinnuhópa eftir



málefnum og í lokin voru svo kynntar niðurstöður vinnuhópa.

Það má segja að Lionshreyfingin á Íslandi standi nú á tímamótum en framboð Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur til embættis 2. varaforseta Lions International hefur fengið byr undir báða vængi. Um miðjan ágúst fékk hún staðfestan stuðning við framboð sitt frá öllum fulltrúum í alþjóðastjórn lionshreyfingarinnar. Að sjálfsgöðu stöndum við öll þétt með henni í baráttunni um æðsta embætti í Lionshreyfingunni og erum yfir okkur stolt að hafa hana í okkar röðum og við óskum Guðrúnu farsældar á þessum vettvangi. Það að eiga fyrstu konuna sem á raunhæfa möguleika á að gegna starfi Alþjóðafarseta Lions og að hún komi frá svona litlu þjóðlandi, en að vísu stóru lionslandi, er í raun ótrúlegt en konan er líka ótrúleg og býr yfir svo miklum hæfileikum og er full af lífskrafti.

Söfnunin Rauð fjöður fór fram dagana 17. – 19. apríl í vor en niðurstöður söfnunarinnar liggja ekki enn fyrir í sinni endanlegu mynd en nú um mánaðarmótin nam upphæðin á söfnunar reikningnum um 15,5 milljónum króna sem er nokkuð undir væntingum okkar. Þá var búið að gjaldfæra mest allan kostnað en það þarf að ná samkomulagi um þjónustugjöld sem bankinn hefur verið að innheimta vegna söfnunar reikningsins.

Ekki gekk sem skildi að fá til baka söfnunargögn og posa sem leigðir voru til

söfnunarinnar og eitt er víst að við hefðum getað gert betur varðandi skipulag og undirbúning söfnunarinnar. Margt má læra af þessu og þurfum við að setjast niður og skrá ferlana við söfnunina, vega þá og meta með það í huga að betur verði gert í næstu söfnun.

Ég hef verið í sambandi við Bergvin Oddsson formann Blindrafélagsins og greindi hann mér frá því að verið er að stofna Leiðsöguhundadeild innan Blindrafélagsins þann 17. september og við það tækifæri munu tveir leiðsöguhundar verða afhentir notendum sínum og óskaði Bergvin eftir því að söfnunarféð yrði afhent við þá athöfn.

Lionsfélagar eru því hvattir til að mæta í Blindraheimilið að Hamrahlíð 17 þann 17. september kl. 17:00.

Lions Quest verkefnið hefur átt undir högg að sækja og var Lionshreyfingunni send tilkynning um að leggja ætti Námsgagnastofnun niður og ekki væri rúm fyrir þetta námsefni í námsskrám og okkur boðið að taka á móti því kennsluefni sem til var þar á bæ en fyrst þyrfti að semja við þýðendur og greiða leyfisgjald til Lions International.

Jón Bjarni Þorsteinsson hefur unnið ötullega að því að fá niðurfelld leyfisgjöld og hafðist það fyrir rest og þurfum við ekki að borga leyfisgjaldið fyrir þetta starfsár. Næstu skref verða að flokka efnið sem okkur var sent og henda frá því efni sem úrelt er og síðan þarf að leita leiða til að komast inn í

grunnskólana með Lions Quest efnið. Við treystum á þekkingu og tenglanet okkar ágætu Lionsfélaga sem fara með þennan málaflokk og vonumst til að störf þeirra verði árangursrík.

Sala húseignar lionshreyfingarinnar á Íslandi er kominn í farveg og hefur verið samið við Fasteignasöluna Berg um söluna. Það sem tafið hefur ferlið er að ekki lá fyrir eignaskiptasamningur um húseignir á lóðinni Sóltún 20. Nú er loksins að hylla undir samninginn og er hann í afgreiðslu hjá Byggingafulltrúanum í Reykjavík og verður hann tilbúinn nú næstu daga. Síðan þurfa eigendur húseigna að skrifa undir áður en hann fer í þinglýsingu. Fjölumdæmisstjórn tók þá ákvörðun að sölufelri hæfist ekki formlega fyrir en að samningur þessi væri undirritaður af öllum eigendum. Leit að nýju húsnæði er þegar hafin og skoðuð hefur verið ein húseign við Grensásveg í Reykjavík sem okkur leist mjög vel á en er að okkar mati full lítil miðað við að geta haft meðalstóran fundarsal, væntanlega verða fleiri húseignir skoðaðar á næstunni.

Heimsókn alþjóðaforseta Dr. Yamada er á dagskrá dagana 30. og 31. október en síðan mun hann dvelja hér á landi tvo daga á eigin vegum sér til hvíldar. Þessa dagana er verið að



semja dagskrá heimsóknar hans en gera má ráð fyrir að móttaka verði í Lionsheimilinu í Sóltúni og eru lionsfélagar hvattir til að fjölmenna þar. Móttakan mun verða auglýst síðar.

Unnið hefur verið að endurskipulagningu á rekstri hreyfingarinnar og uppsetning bókhalds verður með þeim hætti að í fjárhagsáætlun er ákveðnum fjármunum úthlutað til embætta sem ætlað er í hvern málaflokk og verður að vinna innan þeirra fjárheimilda sem úthlutað er.

Í vor hætti Sigríður Kvaran störfum hjá Lionshreyfingunni eftir 23 ára farsælt starf og

þökkum við henni fyrir ánægjulegt samstarf og óskum við henni alls hins besta á komandi árum.

Nýr skrifstofustjóri hóf störf á Lions-skrifstofunni þann 18. ágúst, hún heitir Kolfinna Guðmundsdóttir og er bókari að mennt og býr hún yfir góðri starfsreynslu. Kolfinna var valin ú hópi 12 umsækjenda um starfið. Við bjóðum Kolfinnu velkomna til starfa.

Kæru Lionsfélagar að lokum vil ég óska ykkur velfarnaðar og virkni í störfum ykkar og vænti þess að störf okkar allra í vetur verði árangursrík og ionshreyfingunni til heilla.



Ungmenni á 21. öld

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður



Skráning á þátttöku

Auglýst er eftir umsóknum til þátttöku í samkeppni Lions „Young Ambassadors“. Keppnin er fyrir ungt fólk á aldrinum 15-18 ára, sem sinnir góðgerðamálum og eru góðir fulltrúar ungmenna og málsvari fyrir sjálfboðastörf. Markmiðið með keppninni er að viðurkenna, hvetja og styðja ungt fólk sem tekur virkan þátt í samfélagsverkefnum eða góðgerðarmálum í sínu nærsamfélagi, á landsvísi eða heimsvísi. Skráningarfrestur er til 30. nóvember 2015.

Skráningareyðublöð fást á Lionsskrifstofunni lions@lions.is og hjá undirritaðri gudrun@hraunfolk.net

Hver má taka þátt?

Til að vera gjaldgengur í keppnina, þarf ungmennið að hafa náð 15 ára aldri, en ekki orðið 19 ára 30. júní 2016.

Keppandinn þarf að sinna góðgerðarmálum, sem hann hefur skipulagt og vinnur að, e.t.v. í samstarfi við aðra. Keppandinn þarf að geta skýrt vel frá verkefni sínu á þremur mínútum á íslensku og ensku, bæði í viðtali og úr ræðustóli. Keppandinn þarf að sýna áætlun um það, hvernig hann/hún myndi nýta verðlaunaféð: A) Íslensku verðlaunin. B) Evrópsku verðlaunin.



**Fulltrúi ungmenna á 21. öldinni
Evrópsk samkeppni Lions
Ungir leiðtogar, sem sinna
góðgerðarmálum**

Í fyrsta sinn á Íslandi

Forkeppni er haldin á Íslandi í vetur og fá allir keppendur sérstaka viðurkenningu. Íslenski sigurvegarinn fær farandbikar á fjölumdamisþingi 2016 í Mosfellsbæ 22.-23. apríl, ásamt peninga-verðlaunum. Sigurvegarinn fer síðan sem fulltrúi Ísland í aðalkeppnina á Evrópu Forum í Sofíu, Búlgaríu, 27.-30. október 2016. Að ári liðnu kynnr hann árangur sinn og tekur þátt í að verðlauna arftaka sinn á fjölumdamisþingi í Reykjavík, 21.-22. apríl 2017.



Verðlaunafé

Íslenski sigurvegarinn fær 150.000 kr. Á Evrópu Forum eru veitt þrenn verðlaun: 1. verðlaun eru 3.500 evrur, 2. verðlaun 1.000 evrur og 3. verðlaun 500 evrur. Verðlaunaféð á sigurvegarinn að nota til að styðja við verkefni sitt, eða fyrir þjálfun til að geta betur framkvæmt áætlun sína. Verðlaunaféð er ekki ætlað til persónulegra þarfa ungmennisins. Sigurvegarinn kemur aftur á næsta fjölumdamisþing og segir frá því, hvernig verðlaunaféð var notað og afhendir næsta sigurvegara farandbikarinn.

Leit að keppendum

Samkvæmt reglum, geta klúbbar, svæði, umdæmi eða fjölumdammi leitað að keppanda, sem tekur þátt í forkeppni á Íslandi. Ungmenni sem vinna að góðgerðarmálum er

hægt að finna m.a. í gegnum skóla, skáta, æskulýðsstarf, kirkjustarf, eða aðrar þjónustuhreyfingar og æskulýðssamtök.



Hvernig verkefni hafa unnið?

Nokkur dæmi: Stuðningur við unga hælisleitendur. Unnið með börnum sem standa höllum fæti í samfélaginu. Aðstoð við fólk með andleg veikindi og í sjálfsvígshættu. Sumarbúðir fyrir sykursjúk ungmenni. Súpueldhús fyrir heimilislausa í Suður Afríku og í Bretlandi. Aðstoð við börn á stríðshráðum svæðum, m.a. við menntun.

Ávinningur Lions

Hugmyndir frá ungmennum og frá þeirra frábæru verkefnum. Smitast af krafti og umhyggju ungmenna, sem vilja hjálpa þeim sem minna mega sín, frekar en þeim sjálfum. Nýir ungir vinir, sem með foreldrum sínum og vinum gætu orðið hluti af Lionsfjölskyldunni.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Grein umdæmisstjóra 109B

Stefán Jóhann Árnason

umdæmisstjóri 109B



Jæja, þá er það vetrarstarfið. Það er von mín að það fari vel af stað, verði kraftmikið, skemmtilegt og gott fyrir félagana og fyrir stofnanir, félagasamtök og einstaklinga sem þess njóta. Fjölmörg dæmi eru um stórar gjafir frá lionsklúbbum til stofnana í nærsamfélaginu, gjafir sem eru viðkomandi stofnunum nauðsynlegar til að geta veitt góða þjónustu. Hvert það samfélag sem notið hefur þess að hafa lionsklúbb eða lionsklúbbastarfandi vill ekki án þeirra vera.

Þá hefur Lionshreyfingin oft staðið fyrir stærri söfnunum og er þá skemmst að minnast söfnunarinnar „Rauð fjöður“ sem fór fram í apríl síðastliðnum. Afrakstur þeirrar



söfnunar verður afhentur 17. september n.k. í Blindraheimilinu. Við verðum líka að muna að við erum aðilar að stærstu alþjóða þjónustuhreyfingu heims og höfum við oft notið þess með styrkjum frá Alþjóða hjálparstöð Lions LCIF. Gildir það bæði til kaupa á dýrum tækjum til augnlækninga sem nýtast öllum íbúum landsins og einnig hefur LCIF veitt aðstoð þegar hér hafa orðið náttúruhamfarir. Það að vera hluti af stórum og öflugum samtökum eins og Lionshreyfingin er veitir okkur ákveðinn styrk og er um leið öflugt bakland þegar eitthvað bjátar á.

Umdæmisstjórnir og fjölumdæmisstjórn hófu starf sitt formlega 29. ágúst s.l. með sameiginlegum fundi. Ákveðið var að hafa þann fund sameiginlegan og leggja áherslu á að öll teymin sem starfa í umdæmunum myndu vinna saman að markmiðasetningu sem kynnt yrði í lok fundar. Þessi fundur og vinna tókst að mínu mati mjög vel og ég hef

miklar væntingar um að þið, ágætu félagar, sjáið afraksturinn á næstu mánuðum. Markmið sem fram komu á fundinum voru metnaðarfull en samt raunhæf. Þau snéru m.a. að því að styrkja klúbba, stofna nýja og fjölga félögum. Efla á kynningarmál, meðal annars verður ný heimasíða vonandi komin í loftið um áramót og einhverjar breytingar munum við sjá á Lionsblaðinu. Ýmislegt fleira var rætt sem kynnt verður betur síðar.

Ágætu Lionsfélagar. Ef okkur tekst að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur þá munum við á næstu misserum eða árum sjá nýja klúbba verða til, fleiri félaga ganga til liðs við hreyfinguna og þá sérstaklega fleiri konur. Við munum sjá meira um Lionshreyfinguna fjallað og síðast en ekki síst mun, gangi allt að óskum, fyrsta konan sem gegnir embætti alþjóðaforseta Lions koma frá Íslandi.

Munið

OPIÐ HÚS

í Lionsheimilinu

milli kl. 12:00-13:00

Föstudaginn
9. október

Kaffi og kleinur

~ frjáls framlög ~

Léttar veitingar kr. 500

Öfréttir Lions á sínum stað

Allir velkomnir - Takið með ykkur gesti
Lionsheimilið Sóltúni 20, 105 Reykjavík, sími: 562-3200

Barna- og fjölskylduhátíð Lions

Víkan 30. ágúst – 5. sept. 2015 er sérstök Barnavika Lions Lionshreyfingin bauð upp á Barna og fjölskylduhátíð í Lionsheimilinu í Sóltúni 20 laugardaginn 5. september. Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar Dr. Jitsuhiro Yamada hrífst mjög af öllum verkefnum sem tengjast börnum því eru Lionsklúbbar um allan heim hvattir til að taka þátt í þjónustuviku sem miðar að því að gefa börnum betra líf og bjartari framtíð. Lionshreyfingin leggur mikið upp úr grunngildum fjölskyldunnar en einkunnarorð Dr. Yamada eru: Virðing – Samhljómur – Mannúð.

Þátttaka var góð og mættu yfir 40 manns bæði börn og fullorðnir og áttu saman góða stund. Börnin lituðu myndir, teiknuðu og gáfu hugmyndafluginu lausan tauminn og uppskáru verðlaun fyrir sitt framlag.

Ungur athafamaður Tómas Nói Emilsson sýndi tvær stuttmyndir sem hann hefur gert og hlotið verðlaun fyrir þær báðar og var honum klappað lof í lófa fyrir sitt framlag.

Árni Brynjólfur Hjaltason vara-fjölumðemisstjóri sýndi fingrafimi sína og lék á píanó fyrir gestina en alltaf er notalegt að hafa tónlist með í svona samkvæmum.

Boðið var upp á súkkulaðikex, pizzur og var þessu gerð góð skil enda vinsælt hjá ungu kynslóðinni.

Sælgætisgerðin Góa styrkti okkur vel og gaf allt sælgæti sem boðið var upp á og að sama skapi styrkti Dominos okkur og gáfu pizzur til veislunnar.

Lionshreyfingin þakkar þessum góðu velunnurum okkar fyrir rausnarlegar gjafir.



Góður dampur hjá Dynk



Fyrir rúmu ári stofnuðum við Lionsklúbbinn Dynk í Skeiða- og Gnúhverjareppi. Jóhannes Eggertsson leiddi starf klúbbsins fyrsta starfsárið en tók undirritaður við formennskunni síðastliðið vor.

Óhætt er að segja að fyrsta starfsár Dynks hafi verið sérlega öflugt og skemmtilegt. Kraftmikill hópurinn telur liðlega 30 félagar og hefur fyrsta árið þétt raðirnar í því fjölbreytta hugsjónastarfi sem þátttaka í lionsstarfinu er.

Dynkur hefur mótað sér skýra stefnu í starfi sínu til fjáröflunar. Við höfum tekið að okkur umhirðu kirkjugarðsins við Ólafsvallakirkju á Skeiðum og vegahreinsun í sveitarfélaginu. Þá gáfum við út myndarlega símaskrá fyrir svæðið sem við seldum styrktarlínur og auglýsingar í.

Starf sumarsins náði hámarki þegar við lögðum þökur í kirkjugarðinn til að umhirða hans og sláttur verði aðgengilegri. Ein fjögur kvöld hittist hópurinn til að keyra jarðveg inn í garðinn og leggja yfir hann þökur. Ógleymanlegt er hvað margir félagar mættu og áhuginn á starfinu er mikill.

Nú er nýtt vetrarstarf að hefjast og byggjum við á farsælu starfi fyrsta ársins. Fyrsti félagsfundur vetrarins verður fyrsta mánudaginn í október en þar mun stjórnin leggja fram starfsáætlun fyrir allan veturinn. Hugmyndin er að fá góða gesti sem fyrirlesara á nokkra fundi, fara í menningarferð, heimsóknir til fyrirtækja og annarra klúbba, svo dæmi séu tekin.

Eftir þetta fyrsta og líflega starfsár er það tilhlökkunarefni að taka þátt í starfi Lions. Gefur áhugi félaganna og vel heppnað starfsár okkur aukinn byr í seglin til að byggja upp kraftmikinn klúbb til langrar framtíðar. Klúbb sem lætur gott af sér leiða í samfélaginu. Ekki síst til að leggja þeim lið sem minnst mega sín og lakast standa á hverjum tíma, sökum veikinda eða annarra óvæntra áfalla.

Björgvin G. Sigurðsson, formaður Lionsklúbbsins Dynks í Árnessýslu.

Fræðslukorn

Þrátt fyrir að aðstoð við blinda væri nýlega hafin árið 1930 voru lionsklúbbar þegar farnir að leita leiða til að hjálpa við að stöðva útbreiðslu á blindu og vera virkir í að stuðla að aukinni þjónustu fyrir sjónskerta. Árið 1930 sá formaður Lkl. Peoria í Illinois í Bandaríkjunum vandamál vegna blindu og þróaði lausn sem síðan breiddi úr sér út um allan heim.

Lionsfélaginn George A. Bonham sá blindan mann vera að reyna að komast yfir fjölfarna götu með mikla umferð í kringum sig. Maðurinn sló ótt og títt á gangstéttina með svörtum staf en enginn virtist skilja hvað hann væri að meina. Svo að Bonham kom upp með þá hugmynd að aðstoða blinda við að eignast hvíta stafi sem að hjálpuðu þeim að verða sýnilegri. Hann kynnti þessa hugmynd sína fyrir borgarstjórn Peoria og hvatti þá til að gefa út tilskipun um að þeir sem væru með hvíta stafinn fengu forgang í umferðinni. Um 1956 höfðu öll ríki í Bandaríkjunum sett lög um notkun hvíta stafsins sem að einnig innihélt réttindi blindra við notkun á blindrahundum.



We Serve



Síðan þá hefur hvíti stafurinn orðið alþjóðlegt tákn fyrir blinda og sjónskerta og blessun fyrir þá sem ekki hafa sjón.

Þýðing: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals, GLT fulltrúi 109B



Fleiri konur í Lions

Aðlaðandi – eða hvað?

Er Lions aðlaðandi fyrir konur og ungt fólk? Stóra spurningin er „Hvernig getur Lions orðið meira aðalandi fyrir konur og yngra fólk?“ Alþjóðlegt átak er í gangi til að fjölga konum og virkja fleiri konur til forystustarfa. Með því móti hefur víða tekist að fjölga yngra fólki til muna, bæði konum og körlum.



GMT-Konur í Lions

Til að ná markmiðum Lions, að konur verði helmingur félaganna, hafa verið sett í gang ný verkefni í félagamálum. Stofnuð voru ný embætti „GMT-Konur í Lions“, sem hafa það markmið að fjölga konum í Lionsklúbbum og að fjölga konum í forystu Lions. Nokkur ár eru síðan fyrstu umdæmin tóku upp þessi embætti og hefur árangurinn ekki staðið á sér. Alþjóðastjórn ákvað að leggja aukinn þunga í verkefnið og stofnaði alþjóðlegt embætti „International Family and Women Specialist“ en því gegnir Sangeeta Jatia fyrrverandi alþjóðarstjórnarmaður frá Indlandi.



Íslenska teymið

Nú í ár ákvað fjölumdamisstjórn að fylgja hinu alþjóðalega fordæmi og stofna embættin. Í okkar hópi eru Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik Garðabæ, fyrir fjölumdamíð, Anna

María Ingvarsdóttir Lkl. Seylu Álftanesi fyrir A-umdæmið og Gyða Steinsdóttir Lkl. Hörpu í Stykkishólmi fyrir B-umdæmið. „GMT-Konur í Lions“ er hluti af GMT-teyminu og vinnur með því að félagamálum. Við þurfum að taka okkur tak, setja okkur tímasett markmið og vinna skipulega að markmiðum Lions um jafnt hlutfall kvenna og karla á 100 ára afmælinu 2017. Við væntum góðs samstarfs við landsmenn og Lions og þá lætur árangurinn ekki á sér standa.



Norrænn vinnuhópur: Fleiri konur í Lions

Lions á Norðurlöndum ákváðu að vinna saman að átakanu og stofnuðu NSR-vinnuhópinn „Fleiri konur í Lions“. Í hópnum er einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna, Bente Nonbo frá Danmörku, Eva Persson frá Svíþjóð, Guðrún Björt Yngvadóttir frá Íslandi, Solbjørg Kolsrud frá Noregi, Pirkko Vihavainen frá Finnlandi og Solveig Johansen frá Noregi. Solbjørg stofnaði hópinn fyrir rúmu ári og var fyrsti formaður vinnuhópsins, en ég tók við af henni þetta árið. Við höfum aðallega átt samskipti á netinu, m.a. gegnum lokaða Facebook-síðu. Einnig eru opnar síður í gangi, sem kynna hin ýmsu verkefni Lions. Hópurinn hefur getað hist nokkrum sinnum á mjög árangursríkum fundum. Upplýsingar frá þeim verður kynntur sérstaklega.

Hvernig nást markmiðin?

Þó að embættin hafa ekki verið stofnuð á Íslandi fyrir en núna, hefur eitthvað verið gert. Rýnihópur starfaði í fyrra, við skiptumst á skoðunum og rýndum í málin, áttum m.a. fund með alþjóðaforseta. Gefið var út fréttabréf og gerð skoðanakönnun meðal kvenna, svo eitthvað sé nefnt. Nú er hægt að vinna úr þessu og blása til sóknar. Opnuð

verður Facebook-síða til að kynna Lions fyrir konum og boðið verður upp á nokkra viðburði.



Málþing: Konur og Lions

Málþing verður haldið í Norræna húsinu fimmtudaginn 22. október kl. 16:30-18:30. Verður þar kynnt starfsemi Lions og helstu verkefni sem vekja athygli kvenna og reynt að auka áhuga kvenna á hreyfingunni. Lionsfélagar eru hvattir til að mæta og koma með konur, sem ekki ennþá hafa gengið til liðs við okkur. Nánari upplýsingar verða birtar þegar nær dregur, en endilega takið frá daginn – og fjölmennið.



Lions-kvenna-hátíð á Völlunum

Lions-hátíð kvennaklúbba verður í Haukahúsinu á Völlunum í Hafnarfirði, þriðjudaginn 8. mars kl. 20:00. Hátíðin er einkum til að þjappa saman konum í Lions, gefa þeim kost á að kynnast betur, skemmta sér saman og styrkja vinaböndin. Þegar er gaman í Lions er auðveldara að vinna verkefni, hvort sem það er til góðgerðarmála eða til félagafjölgunar. Nánari upplýsingar verða birtar þegar nær dregur, en endilega takið frá daginn og fjölmennið.

Guðrún Björt Yngvadóttir
Fyrro. Alþjóðastjórnarmaður

Minning † Reynir Ólafsson



Kveðja frá Lionsklúbbi Njarðvíkur

Reynir Ólafsson fæddist í Keflavík 8. júní 1948. Hann lést á Landspítalanum við Hringbraut 7. júní 2015.

Reynir gekk til liðs við Lionsklúbb Njarðvíkur árið 2007. Hann var ætíð virkur lionsfélagi og gaf vel af sér í lionsstarfinu. Reynir var ritari klúbbsins starfsárið 2011-2012. Hann starfaði einnig í ýmsum nefndum klúbbsins. Við félagarnir í Lionsklúbbi Njarðvíkur þökkum fyrir að fá að starfa með Reyni, sem var öflugur lionsmaður og mikill húmoristi.

Lionsklúbbur Njarðvíkur sendir innilegar samúðarkveðjur til fjölskyldu Reynis.

Blessuð sé minning Reynis Ólafssonar.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Njarðvíkur, Árni Brynjólfur Hjaltason

LCIF aðstoðar krabbameinssjúklinga í Nígeríu

Höfundur Eric Margules

Morgun einn þegar Stella Agbogun deildarstjóri var á stofugangi á krabbameinsdeild Háskólasjúkrahússins í Lagos í Nígeríu sá hún ungan mann sem sat yfir sjúkri móður sinni.

Þau höfðu ferðast næstum 1.000 km til að móðirin gæti fengið viðeigandi meðferð við sjúkdómnum. Vandamál þeirra var að þau áttu ekki mikið að peningum og enga ættingja í Lagos. Þau voru örvingluð og algerlega ein á báti.

Stella Agbogun sem er Lionsfélagi og umdæmisstjóri 404B sá strax að eitthvað þurfti að gera til að hjálpa þeim og öðrum í sömu aðstæðum.

„Þau höfðu engan stað til að vera á“ segir Agbogun. „Þau eiga enga ættingja í Lagos og enga peninga til að greiða fyrir gistingu. Ég hafði samúð með þeim og var strax ákveðin í vinnu að breytingum, breytingum sem myndu bæta aðstæður krabbameinssjúkra einstaklinga og þeirra aðstandenda.“

Agbogun sá þarna gott tækifæri til að láta gott af sér leiða í samfélaginu, tækifæri til að bæta líf þeirra sem minna mega sín. Í samstarfi við Háskólasjúkrahúsið og Alþjóðahjálparsjóð Lionshreyfingarinnar LCIF þróaði hún áætlun um uppbyggingu einskonar sjúkrahótels við sjúkrahúsið. Stað þar sem krabbameinssjúklingar geta dvalið meðan á meðferðinni stendur.

Í samvinnu við stjórn sjúkrahússins var unnið að hönnun aðstöðunnar í húsnæði sem var til staðar og með aðstoð Lionsfélaga var hafist handa við framkvæmdina sem myndi hýsa 20 sjúklinga og aðstandendur.

Með 75.000 dollara Standard Grant framlagi LCIF og mótframlagi Lionsfélaga í



Sjúkrahótelið er gríðastaður krabbameinssjúklinga sem þurfa gístaðstöðu meðan á meðferð stendur.

heimabyggð var fjármögnun verkefnisins tryggð.

Í byrjun júlí voru stoltir Lionsfélagar ásamt fjölmörgum gestum viðstaddir vígslu sjúkrahótelsins.

Yfirlæknir Háskólasjúkrahússins, Prófessor Akin Osibogun var hreykinn þegar hann lýsti því hversu mikill heiður það væri fyrir sjúkrahúsið að fá að taka þátt í þessu verkefni og hýsa aðstöðuna.

„Stjórn sjúkrahússins tryggði að verkefni yrði að veruleika með því að tryggja aðstöðuna“, sagði Agbogun við vígsluathöfnina. „Stjórnin eftirlét okkur húsnæði með góðu aðgengi að krabbameinsdeildinni og voru tilbúin til að veita alla hugsanlega aðstoð.“

Sjúkrahótelið stendur nú sem táknið vonar

fyrir krabbameinssjúklinga á þeirra erfiðustu stundum.

Sjúkrahótelið stendur líka sem tákni um það að Lions getur hjálpað þar sem þörfin er mest.

Lionsfélagar eru stoltir af þeim verkefnum sem LCIF styrkir.

Lionsfélagar vita líka að LCIF þarf á þeirra aðstoð að halda til að verkefnið geti orðið að veruleika.

Frekari upplýsingar um hvernig Lionsklúbbar geta sótt um LCIF Standard styrk er hægt að finna á www.lcif.org. Einnig má hafa samband við LCIF fulltrúa fjöllumdæmisins eða umdæmanna.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Minning † Sturla Friðriksson



Við félagar í Lionsklúbbum Baldri viljum minnast féлага okkar Sturlu Friðrikssonar sem nú er fallin frá. Sturla var fæddur 27. febrúar 1922 og lést 14. ágúst 2015.

Sturla gerðist félagi í Lionsklúbbum Baldri í september árið 1961 og átti því 54 starfsár að baki er hann féll frá. Sturla var mjög virkur í klúbbum alla tíð. Gegndi hann þar mörgum embættum. Hann var m.a. ritari, formaður og yrðir. Yrðir er þýðing Sturlu á enska embættinu „Greeter“ það er sá sem heilsar, tekur á móti og ávarpar fyrirlesara og gesti klúbbsins.

Lionsklúbburinn Baldur er þekktur hér og erlendis fyrir að benda á og reyna að koma í veg fyrir gróðureyðingu á hálendi Íslands. Klúbburinn hefur umráð yfir svæði upp við Hvítárvatn, sem Sturla skírði Baldurshaga, þar sem klúbbfélagar dreifa áburði og grasfræi, gera við girðingar og setja upp nýjar. Við starfið þar hefur Sturla verið frumkvöðull.

Á síðasta ári var Sturla sæmdur Melvin Jones orðu fyrir starf sitt fyrir klúbbin.

Við félagar í Lionsklúbbum Baldri þökkum Sturlu fyrir farsælt samstarf og sendum fjölskyldu hans hugheilar samúðarkeðjur.

f.h. Lionsklúbbsins Baldurs, Benedikt Antonsson.

Framboðsmálin, hvernig er staðan?

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður



Hvaða möguleikar?

Það var ekki von á öðru, en að ég og aðrir teldu það varla raunhæft að kona frá Íslandi gæti orðið alþjóðaforseti Lions. Engin kona hefur gegnt þessu embætti í okkar aldargömlu hreyfingu. Aðeins sjö Evrópubúar hafa gegnt embættinu og enginn forseti hefur komið frá svona litlu landi. Engu að síður bauð ég mig fram, vegna þess að ég hafði fengið mikla hvatningu og stuðning frá helstu leiðtogum Lions. Ekki síst vildu íslenskir Lionsfélagar allt gera til að af þessu gæti orðið.

Viðtalið

Á Lionsþingi á Seyðisfirði í maí 2015, var ég kosin framboðandi til 2. varaforseta Lions. Þremur mánuðum áður, þ.e. í byrjun mars, hafði ég verið boðuð í viðtal við „forsetateymið“ (forsetann, tvo varaforseta, fráfaramandi forseta og einn fyrirverandi forseta). Viðtalið kom greinilega vel út, því stuðningurinn óx og mér var skipaður „alþjóðlegur kosningarstjóri“.

Joe, sem sagði við mig: „Guðrún, með kosningu af umdæmi og fjöllumdæmi ertu búin með punkt 1 og 2 af 100.“ Svo bætti hann við: „En þú varst áður búin með hina 98 punktana“.

98 punktar

Joe sagði við mig snemma í ferlinu, að ég þyrfti að kanna stuðning leiðtoganna í Evrópu, þ.e. núverandi og fyrirverandi alþjóðastjórnarmanna. Ég sendi póst til nokkur þeirra helstu, sem höfðu hvatt mig til dáða, og sagði þeim að nú hefði ég ákveðið að gefa kost á mér og yrði kosin á þingi á Íslandi í maí. Ég vildi segja þeim þetta sjálf, en ekki að þeir fréttu þetta frá öðrum. Þeir fögnuðu þessu allir og sögðust veita mér fullan stuðning og buðu fram aðstoð. Fréttin fór eins og eldur um sinu í Evrópu og

brátt skrifuðu aðrir leiðtogar svipað. Í maí var ég komin með 37 slíkar stuðningsyfirlýsingar, án þess að ég hefði beðið neinn um stuðning. Þetta voru hinir 98 punktarnir sem þurfti.

Ráðgjafarnefndin

Á síðasta ári var stofnuð ný nefnd „Ráðgjafarnefnd til að meta hugsanlega framboðendur til „varaforseta Lions““ Í nefndinni er einn fulltrúi fyrir hvern heimshluta og hlutverkið er að meta framboðendur og mæla með einum til „forsetateymisins“.

Framboðendur þurfa núna að skrifa ítarlega ferilskrá, um nám og störf, auk Lionsferilsins, sem nefndin fer yfir og metur. Nefndin skilaði samhljóða álit og mælti með mér.

Keppinautar

Það eru nokkrir tugir sem gefa kost á sér árlega. Að þessu sinni voru 13 framboðendur sérstaklega skoðaðir, frá 5 heimshlutum: Bandaríkjunum, Kanada, Evrópa (Bretland, Finnland, Belgía og Ísland), Suður-Ameríka (Brasíla) og Asía (Kórea). Þar af voru 4 konur. Niðurstaða „forsetateymisins“ var sú að opinber stuðningur var gefinn Guðrúnu Björt sem 2. varaforseta og Choi frá Kóreu sem 3. varaforseti, sem er endurvakin staða. Ég var náttúrlega himinlifandi að vera valin, en á sama tíma helltist yfir mig hinn flókni veruleiki, allar skyldurnar og ábyrgðin.

Opinber stuðningur

Það sem opinber stuðningur felur í sér, er að maður þarf að mæta á öll þing (Forum) heimshlutanna sjö, án þess að hreyfingin veiti neinn fjárhagsstuðning. Þetta er til að Lionsfélagar geti hitt og kynnst þeim framboðanda, sem mælt er með. Aðrir framboðendur, sem hugsanlega bjóða sig fram líka, hafa kannski ekki sömu möguleika til að sigra kosningu, en hafa oft verið nálægt því. Svo mikilvægt er að geta komið jákvæðum skilaboðum á framfæri og safna atkvæðum um allan heim.

Starfstími forseta

Skuldbinding forseta er 6 ár. Ef allt gengur upp, verð ég kosin 2. varaforseti á alþjóðþingi 2016 í Fukuoka, Japan. Síðan kosinn 1. varaforseti 2017 í Chicago, en þá verð ég bara ein í kjöri. Ég verð svo kjörinn sem Alþjóðaforseti 2018 í Las Vegas og gegni því embætti til 2019. Á þinginu í Mílanó 2019 tek ég við sem varaformaður LCIF. Ári síðar eða á þingi 2020 í Singapore, tek ég við embætti formanns LCIF og árið eftir (2021) verð ég fráfaramandi formaður í stjórn LCIF. Á þingi árið 2022 er starfsskyldunum lokið.

Ferðir í vetur

Nú tekur við annasamur tími við að kynna sig á hinum ýmsu Forum. Framundan eru ferðir til Michigan í Bandaríkjunum í september, til Augsburg í Þýskaland í október og þaðan beint til Tokyo Japan. Aðventan verður í Asíu, fyrst í Bangkok Thailandi, síðan Ahmedabad og Mumbai í Indlandi. Í janúar er Rovaniemi í Finnlandi og Montevideo, Uruguay. Febrúar er svo San Antonio Texas og Lagos í Nígíeríu. Þessari þeysireið líkur svo í Sliema á Mólту í mars.

Forsetanefndin

Það er ekki fyrir einn einstakling að skipuleggja og framkvæma allt sem fylgir forsetaframboði. Ég er mjög heppin hvað margir eru tilbúnir að vinna með mér og fyrir mig, bæði núna við undirbúning og á þinginu í Japan næsta sumar. Unnið er að kynningarmálum, hönnun bæklinga, plakats, vefsíðu og Facebook-síðu. Einnig er unnið að því að bæta kynningu á verkefnum íslenskra Lionsklúbba. Fjármálanefnd er búin að stofna félag sem mun halda utan um öll fjármál og safna styrkjum til að fjármagna kosningarferlið. Hugmyndahópur er að þróa hugmyndir að verkefnum, þema, myndefni, merki o.fl. Framkvæmdahópur er að myndast sem sér um allt í Fukuoka, en þar er að mörgu að hyggja. Mig langar til að þakka öllu þessu frábæra fólki fyrir að taka svona mikið að sér, það er ómetanlegt.



Allir til Fukuoka

Venjulega fara 8 manns á alþjóðþing, en stundum er efnt til hópferðar og 15-20 manns bætast við. Nú er alveg til í dæminu að safna liði og fjölmenna, þegar Ísland verður svo sannarlega í fókus. Þingið verður 24.-28. júní 2016 í borginni Fukuoka í suðvestur Japan. Verðandi umdæmisstjórnar fara viku áður á skólann og aðrir sem nú þegar hafa ákveðið að fara, munu eyða nokkrum dögum á undan eða eftir til að kynna landi og þjóð. Þeir sem hafa áhuga á að slást í hópinn geta haft samband við okkur Jón Bjarna bjarni@hraunfolk.net og gudrun@hraunfolk.net

Bók handa börnum

Samstarfsverkefni Lionshreyfingarinnar á Íslandi og IBBY á Íslandi



Frá árinu 2013 höfum við í lestrarátaksteyminu verið í samstarfi við IBBY sem eru frjáls félagasamtök um barnabókmenntir og barnamenningu um verkefnið „Bók handa börnum“. Ákveðið var að fara í þetta samstarf meðal annars vegna þess að LCI leggur áherslu á að lestrarátaksteymið vinni með öðrum félagasamtökum og fagfélögum, sem hafa hag barna að leiðarljósi, sérstaklega hvað varðar lestrar-kunnáttu.

Samstarfið felst í útgáfu bókar sem heitir Nesti og nýjir skór. Bókin hefur nú litið dagsins ljós og inniheldur úrval íslenskra barnabókmennta og er markmiðið með útgáfunni að hafa á einum stað perlu úr íslenskum barnamenningararfi. Allir rithöfundar, eða erfingjar þeirra, sem haft var samband við svo og þeir listamenn sem myndskreyttu sögurnar á sínum tíma gáfu góðfúslega leyfi sitt til útgáfunnar.

Upphaflega átti að gefa bókina öllum 6 ára börnum við upphaf skólagöngu haustið 2014 og aftur 2015 en útkoma bókarinnar tafðist og er opinber útgáfudagur bókarinnar nú 8. september 2015 á alþjóðlegum degi læsis. Bókin mun verða gefin 6 ára börnum nú í haust og aftur næsta haust. Afhending bókarinnar fer í gegnum bókasöfnin í landinu þar sem foreldrar og börn eiga að koma á bókasafnið með bréf frá IBBY sem kennari barnanna hefur afhent þeim þannig að þetta er í raun samstarf Lions, IBBY, kennara 6 ára barna og bókasafnanna í landinu.

Okkar aðkoma að verkefninu var að safna fé hjá klúbbunum í landinu til að greiða fyrir prentun bókarinnar það var ákveðið af fjölmáttisstjórn og nefndinni á sínum tíma. Við kynntum síðan verkefnið fyrir öllum Lionsklúbbum í landinu með því að senda formönnum bréf og biðja um stuðning við verkefnið það tók síðan tvö starfsár að safna fyrir prentuninni en á endanum voru það 42 Lionsklúbbar sem gáfu til verkefnisins og fá þeir allir afhent þakkarbréf í haust.

Lionsmerkið er síðan á kápusíðu bókarinnar og hreyfingarinnar getið sem stuðningsaðila.

Eins og mörg ykkar hafið eflaust tekið eftir þá hefur Menntamálaráðuneytið hleypt af stokkunum átakinu „Þjóðarsáttmáli um læsi“.

Þegar Jo Preston fyrrverandi alþjóðaforseti Lions var hér s.l. haust hitti hann Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra og ræddu þeir saman um læsisverkefnið og þá spurði Jo Preston „How can we help“??? Í framhaldi af því hefur lestrarátaksteymið verið kallað að þessu verkefni og hafa verið haldnir nokkrir fundir með ráðuneytisfólki síðast núna 19. ágúst þar sem Guðmundur Helgi Gunnarsson fjölmáttisstjóri, Jón Pálmason umdæmisstjóri 109 A, Guðrún Björt Yngvadóttir og Hrund Hjaltadóttir funduðu með Björgu Pétursdóttur og Sigríði Láru Ásbergsdóttur úr stýrihópi ráðuneytisins. Á þeim fundi var farið yfir það sem við höfum verið að gera í lestrarátaksmálum og voru þær mjög hrifnar af því og hvöttu okkur til að halda áfram á þessari braut. Þjóðarsáttmála verkefninu mun síðan verða stýrt frá nýrri stofnum Menntamálastofnun (Námshagstofnum og Námsmatsstofnun) og vera í höndum Gylfa J. Gylfasonar hann verður svo okkar tengiliður.

Til stendur að setja upp vefsíðu Þjóðarsáttmálans þar sem öll verkefni sáttmálans verða kynnt þar á meðal verkefni okkar Lionsfélaga þannig að ef þið vitið um einhver verkefni sem varða málefni sáttmálans og klúbbar eru að sinna sérstaklega þá endilega komið þeim á framfæri við okkur og við munum sjá um að þau fari inn á vefsíðuna líka. Það skiptir miklu máli því við munum þá opinberlega starfa undir þessari regnhlíf Menntamálastofnunnar og er það sannarlega í anda LCI og the Reading action program.

*Bestu kveðjur og þakkir til allra Lionsfélaga
f.h. lestrarátaksteymisins
Hrund Hjaltadóttir*



Medicalert starfað í 30 ár á Íslandi



Ágætu Lionsfélagar, formenn klúbba og stjórnarmenn.

Nú þegar haustar fara allir Lionsfélagar í gang með starfsemi á sínum heimaslóðum og setja í gang Lionsfundi og verkefni vetrarins. Við hjá MEDICALERT munum reyna að leggja áherslu á að kynna þetta fyrirtæki okkar Lionsfélaga á almennum markaði nú í vetur.

Við vonumst til að fá Fjölmáðmisráð og Lionsfélaga almennt í lið með okkur til að kynna þetta dótturfélag Lionshreyfingarinnar á Íslandi en 30 ár eru síðan stórhuga Lionsmenn stofnuðu þetta fyrirtæki undir merkjum Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

Eins og við höfum áður skrifað og sagt þarf Lionshreyfingin að leggja meiri áherslu á MedicAlert á Íslandi. Við þurfum að gera Lionsmenn meira meðvitaða um ábyrgð

okkar og fá þá í lið með okkur. Fjölmáðmisfulltrúar verða að vera duglegir að koma því á framfæri á ferðalögum sínum að kynna MedicAlert og hvað það stendur fyrir. Þeir þurfa allir að hafa með sér eyðublöð og stativ til að dreifa.

Við höfum boðið aðildarfélögum MedicAlert sem eru 9 talsins (sjá heimasíðu okkar www.medicalert.is) að bjóða sínum meðlimum áskrift hjá MA með 25% afslætti af fyrstu skráningu. Við höfum beðið félögin að senda út tilboð til sinna félagsmanna og kynna MedicAlert í þeirra félagsblöðum. Sum þessara samstarfsaðila hafa nú þegar gert slíkt.

Við höfum rætt það að hafa MEDICALERT DAG í tilefni 30 ára starfsemi MEDICALERT Á ÍSLANDI þar sem við getum kynnt okkur og haft samráð við aðra aðila sem tengjast okkur. Tengja þarf slíkt saman í samræmi við dagskrá Lionshreyfingarinnar í sínum verkefnum.

Slökkviliðsstjóri hefur lofað okkur stuðning með einhverjar uppákomur á slíkum degi. Gætum planað svona dag með honum og fleirum sem við gætum haft með í slíkri kynningu. Við erum að leita að hugmyndum um stund og stað og hvernig hægt er að framkvæma slíka kynningu. Þetta þarf að vera sameiginlegt átak allra Lionsfélaga um allt land t.d. að á slíkum degi myndum við dreifa bæklingum á öllum stöðum sem Lionsfélög eru.

Kynna okkur fyrir almenningi á annan máta. HVERNIG? Mjög mikilvægt að almenningur viti hvað MedicAlert merkið er því þeir koma oftast að viðkomandi fyrst ef fólk líður útaf. Þurfum að fá fjölmiðla með okkur í þetta verkefni.

Nota tengsl Lionsklúbba þar sem eru landsmálablöð og setja þar inn kynningu á MedicAlert og Lionshreyfingunni. Við vonum að allir taki höndum saman um að kynna Lionshreyfinguna og Medicalert á sem flestum stöðum. Bæklinga til aðstoðar við kynninguna er hægt að nálgast á skrifstofu okkar að Sóltúni 20. Eins eigum við stutt Powerpoint myndband með kynningu á MEDICALERT og hvernig það virkar fyrir þá klúbba sem vilja kynna félögum sínum MEDICALERT Á fundi hjá sér. Skrifstofan getur sent þessa kynningu til ykkar.

LIONSFÉLAGAR. Við hjá MedicAlert leitum eftir 2-3 Lionsfélögum sem tilbúnir eru að taka við keflinu af okkur en okkar tími rennur út í apríl 2017. Gott væri að fá slíka aðila inn á næsta ári til að kynnast starfsemi áður en skipt verður um stjórn. Við sem erum að starfa í þessu verkefni getum fullyrst að þessi vinna er skemmtileg og gefandi og erum við tilbúnir til að miðla okkar þekkingu til ykkar sem hafið áhuga.

Með kveðju, Lúðvík Andreasson, Formaður MedicAlert á Íslandi.



MedicAlert - blóðsykursmælingar



Nóvembermánuð nota margir Lionsklúbbar til að minna á sykursýki. Fjölmargir klúbbar bjóða þá almenningi að mæla blóðsykur og e.t.v. blóðþrýsting án endurgjalds. Gott er að nota þetta tækifæri og kynna MedicAlert merkið samtímis mælingu á blóðsykri eða blóðþrýstingi.

Einnig er hugsanlegt að einhver félagi í þínum klúbba séu með sykursýki eða óþol gagnvart syklalyfjum eða ofnæmi gagnvart eggjum eða flogaveiki eða gigt eða hjarta-sjúkdóm eða

Hægt væri að nefna fjölmarga alvarlega sjúkdóma sem geta reynst fólki lífshættulegir ef ekki er veitt rétt bráðaástoð ef vanda ber að höndum.

Lionshreyfingin veitir forstöðu Medicalert á Íslandi (<http://www.medicalert.is/>) í samvinnu við Blæðarafélag Íslands, Gigtarfélag Íslands, Hjartaheill - Landssamtök hjartasjúklinga, Lauf - Landssamtök áhugamanna um flogaveiki (LAUF), Mígrén-samtökin, SÍBS, Samtök sykursjúkra, Sjálfsbjörg - landssamband fatlaðra, Félag aðstandandenda Alzheimers-sjúklinga (FAAS).

Einstaklingar geta í samráði við lækni sinn fengið sérstök merki til að bera um únlið eða

háls með upplýsingum um sinn sjúkdóm. Einstaklingsbundnar upplýsingar eru varðveittar í gagnagrunni á Landspítala Háskólasjúkrahúsi og eru aðgengilegar allan sólarhringinn alla daga ársins.

Ég vil hvetja þig lesandi góður til að kynna þér MedicAlert á heimsíðu þess og benda klúbbfélögum þínum á MedicAlert og sérstaklega þá sem e.t.v. bera einhvern alvarlegan sjúkdóm.

*Þór Steinarsson
MedicAlert stjóri 109A*



Fjölumdæmis- og umdæmisfundur 109B

Laugardaginn 29. ágúst síðastliðinn var haldinn sameiginlegur fundur fjölumdæmisstjórnar 109 og umdæmisstjórna 109A og 109B. Fundurinn var haldinn á Hótel Sögu og var mæting á hann nokkuð góð. Farið var yfir hvað er væntanlegt í starfinu í vetur og skipulag vetrarins rætt. Hér eru nokkrar myndir frá fundinum sem Jón Pálmason og Þorkell Cýrusson tóku.



Lionsfélagi mánaðarins

Nafn, aldur og starf:

Jósef Geir Guðmundsson. 37 ára, húsasmiður

Nafn maka:

Ég er alveg makalaus

Heimili:

Dverghólar, Selfossi

Ökutæki:

Disel sparibaukurinn Toyota Auris

Klúbburinn minn:

Lionsklúbburinn Dynkur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Fjáraflanir hafa verið helstu viðfangsefni og fer sú vinna aðalega fram á sumrin. T.d. sláttur á kirkjugarðinum að Ólafsvöllum og ruslatínsla með vegum í Skeið og Gnúp. Svo gáfum við út innansveitarsímaskrá nú í vor.

Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt)

Vinnukvöldin í kirkjugarðinum eru alltaf góðar stundir. Pílagrímsförin inn að fossinum Dynk í Þjórsá sem við fórum í síðastliðið sumar var mjög skemmtileg og fræðandi ferð. Einnig langar mig að nefna ferðina sem við (verðandi stjórnarmenn) fórum á þingið á Seyðisfirði nú í vor.

Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi?

Að taka þátt í starfi sem ég veit að leiðir gott af sér.

Viltu breyta einhverju í klúbbnum?

Neibbs. Klúbburinn er ungur og enn í mótun.

Hvers vegna ert þú Lionsfélagi og hvað ertu búin að vera lengi Lionsfélagi?

Félagsstörf hafa ekki verið ofarlega á blaði hjá mér. En þegar ég frétti að stofna ætti Lionsklúbb í Skeiða og Gnúpverjahreppi þá langaði mig strax að vera með og sé ég alls ekki eftir því. Klúbburinn var svo stofnaður 31. mars 2014 þannig að ég er 1 ½ árs Lions.

Hvað myndir þú gera ef þú værir einráður í klúbbnum?

Mér myndi leiðast. Allir aðrir væru hættir.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Lambalærið í öllum útgáfum og svo fæ ég mér ansi reglulega Búlluborgara.

Hver eru áhugamálin hjá þér?

Íþróttir og hlusta á góða tónlist eru helstu áhugamál mín og svo er ég að reyna að verða meiri stangveiðimaður.

Hvað er gott við að vera Árnesingur?

Maður fær ekki innilokunarkennd hér á flatlendinu.

Eitthvað að lokum?

Ég hlakka til komandi ára sem félagi í ungum en efnilegum Lkl. Dynk.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar í sumarferð



Ferðafélagar.



Nesti snætt í Hellisskúta í Pakgili.



Í Reynisfjöru.



Ingvar Viktors og Gissur Júní.



Ellert afhendir Geir formannsmerkið.



Í Drumbabót. Sigurjón meðhöndlar 1200 ára viðarbút.



Spilað og sungið í Pakgili.



Geir verðandi formaður og Björgúlfur.



Guðjón, Guðrún Inga og Lárus.

Það var um aðra helgina í júnímánuði á sólríkum sumardegum er við Lions menn í Lkl. Hafnarfjarðar ásamt mökum lögðum á stað í okkar árlegu sumarferð og var ferðinni heitið að þessu sinni í Pakgil. Náttúruperlan Pakgil er sérkennilegur staður í Höfðabrekku-afrétt, norðan Kerlingardalsheiði og sunnan Höfðabrekkujökuls þar sem Katla kúrir og bíður síns vitjunartíma. Það var sérstakt að aka um Kerlingadalsheiðina og horfa inn til Jökuls,

og sjá þar innfrá m.a. Vatnsrásarhöfða og Moldheiðina svarta að venju en í austri blasti Hafursey við og Mýrdalssandur, nær okkur er svo Selfjallið þar sem Múlavíslin byrjar göngu sína til sjávar. Norðan þeirra líður Afróttisáin en við enda hennar og Sandvatns er stöpull gamals brúarstæðis þar sem Þjóðvegurinn lá við fjallsræturnar allt til ársins 1955 er hann var færður sunnar á sandinn. Í Hafursey var löngum áningar- og gistaður.

Það er nokkuð föst venja hjá okkur í klúbbnum að hafa stjórnarskipti í þessum ferðum okkar og var ekki brugðið frá þeirri venju og var hún framkvæmd er við vorum á flötinni framan við hellismunnan við Pakgil og einnig voru veittar þar viðurkenningar fyrir vel unnin störf. Um kvöldið var síðan ekið að Hótel Kötlu, þar sem ljúffengur kvöldverður beið okkur. Eftir góðan nætursvefn og morgunverð og án þess að verða vör við „Höfðabrekku Jöku“ sem sögð hafa verið alræmdur draugur þar á bæ, var haldið að Skógum, í Reynisfjörur og að Drumbabót,

áður en heim var haldið eftir góða og skemmtilega sumarferð.

Starf okkar á síðastliðnum vetri var skemmtilegt en vinnusamt. Veittir voru margir góðir styrkir til hinna ýmsu félagasamtaka, aðalverkefni okkar var góður styrkur til Björgunarsveitar Hafnarfjarðar. Komandi vetur verðu annasamur og mikið um að vera þar sem klúbburinn verður sextíu ára og verður þeirra tímamóta minnst með afmælishófi og útgáfu á Afmælisblaði.

Í aðalstjórn næsta árs verða þeir Geir Hauksson formaður, Lárus Lárberg ritari og Steingrímur Þorvaldsson gjaldkeri. Fundarstaður okkar verður að venju í Haukahúsinu og verða fundir annan- og fjórða hvern fimmtudag hvers mánaðar og hefjast kl. 19.00. Myndir F.H.G.

Friðgeir H. Guðmundsson
Blaðafulltrúi Lkh.

Alþjóðaforseti Lions 2015-2016

Forseti Lions frá Japan

Dr. Jitsuhiro Yamada, frá Minokamo, Gifu, hefur verið Lionsfélagi síðan 1985. Kona hans Dr. Toshiko Yamada er lækni, Lionsfélagi og Progressive Melvin Jones félagi. Þau eiga einn son, eina dóttur og þrjú barnabörn.

Læknir og athafnamaður

Yamada er heilaskurðlæknir og hann á og rekur nokkur sjúkrahús og er einnig stjórnarformaður í nokkrum heilbrigðisstofnunum. Hann er virkur í alþjóðlegum samskiptum, er forseti vinasambanda við mörg ríki Evrópu og hefur fengið viðurkenningar fyrir það starf. Einnig er hann heiðurs-ríkisborgari Beijing, Kína.



Kjörorðin: Virðing – Samhljómur – Mannúð



Yamada heimsækir Ísland

Alþjóðaforseti Lions Lions Dr. Jitsuhiro Yamada verður í heimsókn á Íslandi 30. og 31. október. Í tilefni þess verður fjölbreytt dagskrá fyrir Yamada, þar sem hann kynnist verkefnum okkar og hittir Lionsfólk. Toshiko eiginkona hans kemur ekki með til Íslands, en túlkur hans Yoshiko Merz er með í för.

Móttaka verður í Lionsheimilinu föstudaginn 30. október kl. 17:00-19:00

Allir velkomnir – Takið daginn frá – Fjölmönnum.
Missið ekki af tækifæri til að hitta forsetann okkar.

Guðrún Björt



Lions 100 ára – Hver er okkar afmælisgjöf?

Okkar afmælisgjafir

Upplýsingar um söguna

Í tilefni aldarafmælis Lions 2017 eru Lionslönd og umdæmi hvött til að skrá sögu sína. Einkum er bent á að viðburði og verkefni sem hafa skipt sköpum. Hér með óska ég eftir samstarfi við alla Lionsfélaga á Íslandi, við að afla gagna, til að lýsa sögu Lions á Íslandi.

Allir sem hafa hugmyndir eru hvattir til að hafa samband við Guðrúnu: gudrun@hraunfolk.net

1) Munir og minjar

Það er leitað eftir Lions munum eða minjum, hlutum sem hafa þýðingu fyrir umdæmið, klúbba eða sögu Lions í heild.

2) Mikilvæg verkefni

Óskað er eftir upplýsingum um verkefni sem hafa verið og/eða eru sérstaklega mikilvæg fyrir félagi, klúbba eða umdæmið í heild og hvernig Lions geti breytt lífi einhverra til hins betra?

3) Góðar ljósmyndir

Kallað er eftir ljósmyndum í góðri upplausn. Það geta verið hópmyndir eða af mikilvægum verkefnum sem skipta máli og vekja upp tilfinningar.

4) Elstu klúbbarnir

Lumar þú á upplýsingum eða ljósmyndum um stofnun fyrstu klúbba á ákveðnum svæðum og hvernig aðstæður voru þá, sem gerði Lions að aðlaðandi kosti?

5) Íslenskt atriði?

Lionshreyfingin á Íslandi nýtir sér að sjálfsögðu þessar upplýsingar við skráningu sögu Lions á Íslandi, en einnig verða upplýsingar sendar til höfuðstöðvanna, en það verður valið úr hugmyndum alls staðar að úr heiminum. Mjög skemmtilegt væri að Lions á Íslandi ætti þar að minnsta kosti eitt atriði.



Munum verkefni

Sett voru markmið í fjórum aðal verkefna-flokkum Lions, sem Lionsklúbbar og umdæmi vinna að árin 2014-2018. Markmiðið er að stórauka þjónustu í þessum fjórum flokkum, sem þýðir þá kannski að skerpa fókussinn og dreifa ekki kröftum, peningum og tíma í of margt annað. Markmiðið er að leggja lið eitt hundrað milljón

manns, 25 milljón í hverjum flokki. Á Íslandi gætum við miðað við að leggja lið 200.000 manns og þá í hverjum flokki þá 50.000 manns.

Fjórir aðal-verkefnaflokkar Lions:

1) Börn og ungmenni:

Friðarveggsþjald og friðarritgerð, ungmennaskipti, lestrarátak, t.d. bókaþjóf og fleira.

2) Sjónvernd:

Verkefni í samvinnu við Blindrafélagið, eða tækjakaup til augnlækninga og rannsókna og fleira.

3) Umhverfisverkefni:

Trjáplöntun, landgræðsla, fjöruhreinsun, hreinsun með sveitavegum, endurvinnsla og fleira.

4) Að draga úr hungri:

Að gefa matarkörfu til fátækra, aðstoða aldraða og fatlaða við matarinnkaup og matseld og fleira.



Sterkari hreyfing

Fleiri hendur vinna létt verk, þess vegna er Lionshreyfingin sterkari með fleiri félögum. Umdæmi, svæði og klúbbar eru hvött til að setja sér markmið um jákvæða félagapróun:



Guðrún Björt Yngvadóttir,
Aldarafmælis-stjóri 2014-2017,
MD Centennial Coordinator

Námskeið á haustönn 2015

Eftirfarandi þrjú námskeið verða skipulögð af leiðtoga- og fræðsluteymi hreyfingarinnar.

Síðameistaránámskeið verður haldið fimmtudaginn 1. október klukkan 20 – 22.

Semni hluti námskeiðs fyrir svæðisstjóra verður haldið laugardaginn 17. október klukkan 11 – 15.

Nýliðanámskeið verður haldið fimmtudaginn 29. október klukkan 20 – 22.

Námskeið fyrir klúbba

Eftirfarandi námskeið eru í boði fyrir þá klúbba sem ætla að halda námskeið á þessari önn.

Allt um Lions er fyrir nýliða sem vilja kynnast hreyfingunni betur eða til upprifjunar fyrir aðra.

Breyting til batnaðar er námskeið þar sem klúbbfélagar meta stöðu klúbbsins og finna leiðir til að endurmeta starfið.

Árangursrík liðsheild er námskeið sem stuðlar að góðum samskiptum sem skilar árangri.

Stjórnunaraðferðir þar meta þátttakendur sterku og veiku hliðarnar á sjálfum sér.

Samskipti og virk hlustun góðir samskiptahæfileikar skapa grundvöllinn að betri árangri í starfi. Skapandi hugsun fyrir þá sem vilja vera virkir leiðtogar.

Að halda góða fundi er stutt námskeið um það hvernig góðir fundir eiga að vera.

Tímastjórnun er nauðsynleg í samfélagi nútímans.

Fjölbreytni er áhrifamikil námskeið um leiðir til að takast á við breytileika.

Markmiðasetning er lykillinn að árangursríku starfi.

Öflugt hópstarf er mikilvægur hlekkur í öllu góðu nefndarstarfi.

Að leysa úgreining sýnir úrræði og leiðir þegar úgreiningur kemur upp milli einstaklinga.

Framkoma og tjáning er námskeið sem kennir grunnatriði í ræðumennsku, stuttar ræður.

Fundarsköp er námskeið um fundarstjórn og fundarritun.

1) Félagafjölgun í klúbbum,

Sterkustu klúbbar eru að jafnaði ekki færri en 25 manns. Bent er á mikilvægi þess að byggja upp fjölbreytt klúbbastarf, og gera klúbbinn aðlaðandi fyrir nútímafólk.

2) Stofna nýja klúbba,

Endurnýjunar er þörf, en nýir klúbbar koma með ferskt blóð inn í hreyfinguna. Má gjarna horfa til fleiri klúbba-tegunda; við tökum opnum örmum á móti þeim sem vilja starfa með okkur og lokum engum dyrum. Við höfum kvenna- og karlklúbba, blandaða klúbba og fjölskylduklúbba, netklúbba og stúdentaklúbb.

3) Fleiri konur og yngri féлага

Sérstök áhersla er lögð á að fá fleiri konur og yngri féлага. Hikið ekki við að bjóða maka í klúbbinn, fjölskylduklúbbar njóta vaxandi vinsælda. Yngri félagar eru ekki endilega um þrítugt, ef þeir eru yngri en meðalaldur í klúbbnum eru þeir yngri.

Atriði sem vert er að skoða

Flest námskeiðin taka aðeins eina kvöldstund. Klúbbar sem ætla að halda námskeið skipuleggja þau sjálfir og fá leiðbeinendur. Kennslan er klúbbnum að kostnaðarlausu en þeir þurfa að borga uppihald og gistingu fyrir leiðbeinendur þegar þess gerist þörf. Hreyfingin útvegar leiðbeinendur og sér um ferðakostnað þeirra samkvæmt ferðareglum. Listi yfir leiðbeinendur er í vinnslu og verður sendur út í september. Æskilegur fjöldi þátttakenda er að lágmarki tuttugu, en þó getur þurft að gera undantekningar.

Til þess að ná fullri þátttöku þá geta klúbbar kannski sameinast um að halda námskeið.

Við viljum hvetja formenn klúbbanna til þess að skipuleggja námskeið og félagsmenn til þess að sækja námskeið. Við vonumst eftir góðu og öflugum samstarfi.

Fyrir hönd GLT-teymis Lionshreyfingarinnar.

Með vinsemd og virðingu,

Halldór Kristjánsson Lkl. Ásbirni, fyrir fjöllumdæmi 109, halldor@tv.is

Eggert J Levy Lkl. Fjörgyn, fyrir undæmi 109 A, eggertlevy@gmail.com

Sigfríð Andradóttir Lkl. Búðardals, fyrir undæmi 109 B, sigfrida@simnet.is



Afmælisferð Lionsklúbbsins Fjörgynjar 8. – 10. maí 2015



Eins og kunnugt er þá var Lionsklúbburinn Fjörgyn stofnaður þann 14. maí 1990 og í tilefni 25 ára afmælisins ákváðu klúbbfélagar haustið 2014 að skipa sérstaka afmælisnefnd til að koma með tillögur um hvernig þessara tímamóta yrði minnst. Gerð var skoðanakönnun meðal félaganna um hvort menn vildu fara í utanlands- eða innanlandsferð og varð ástkæra landið fyrir valinu og frábært helgartilboð barst frá Hótel Geirlandi í nágrenni Kirkjubæjarklausturs.

Það voru síðan 38 klúbbfélagar ásamt mökum sem lögðu í hann seinni part föstudagsins 8. maí og var Jón Valgarður Daníelsson bílstjóri og Halldór Runólfsson fararstjóri. Fyrst var stoppað í Sagnagarði Landgræðslunnar í Gunnarsholti, þar sem Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri fræddi okkur um hið stórmerka starf sem þar hefur verið unnið í meira en heila öld. Síðan var ekið með hæfilegum stoppum og komið að Geirlandi um áttaleytið.

Að loknum morgunverði á laugardagsmorguninn var haldið í austurátt og fyrst stoppað við fiskeldisstöð Klausturbleikju á Brunasandi. Þar fræddi stöðvarstjórinn okkur um allt sem snýr að framleiðslu á þessari frábæru og vel þekktu framleiðsluvöru. Síðan var ekið austur á Skeiðarársand og stoppað við brúna yfir Sandgígjukvísl, þar sem Skeiðará rennur nú líka undir. Þar fræddi félagi okkar hann Guðmundur Helgi Gunnarsson okkur um smíði brúarinnar, en hann var yfirverkstjóri við gerð hennar árið 1998. En gamla brúin sem byggð var á árinu 1973 varð Skeiðarárhlaupinu 1996 að bráð. Þegar keyrt er yfir brúna þá gerir maður sér enga grein fyrir hversu gríðarlegt mannvirki þetta er, það þarf að stoppa og fara undir brúna til að skoða rammgerðar undirstöðurnar, sem er ætlað að standast hugsanlegt stórflóð.

Eftir hádegi flutti Halldór Runólfsson fræðsluerindi um rafvæðinguna í Vestur – Skaftafellssýslu á fyrri hluta síðustu aldar. Þar unnu frumkvöðlar úr röðum bænda gríðarleg afrek við að byggja fjölmargar heimarafstöðvar, sem fluttu ljós og yl inn í hýbýli fólksins á svæðinu.

Með harðfylgi sóttu þeir sér járn í strandaða togara á Meðallandsfjörur og fluttu í smiðjur sínar og smíðuðu túrbínur fyrir rafstöðvarnar. Kunnáttu sína byggðu þeir á lestri danskrar handbókar sem heitir „Lommebog for mekanikere“ sem þeir kölluð Lobben. Það var með ólíkindum hvernig þeim tókst að framleiða rafmagn við mismunandi aðstæður. Smíðaðar voru sérstakar túrbínur fyrir mikið vatn og lítið fall og aðrar fyrir lítið vatn en mikið fall. Að fyrirlestri loknum var gamla rafstöðin á Geirlandi skoðuð undir öruggri leiðsögn Lionsmannsins Júlíusar Oddssonar í Mörk. Nokkrir af sprækustu félögum klifu síðan hrikalegt gljúfur, þar sem stíflumannvirkjum var komið fyrir á sínum tíma.

Að þessu loknu fóru nokkrir félagar á fund með Lionsklúbbum Fylki á Kirkjubæjarklaustri, en þeir félagar voru okkur innan handar með ýmsa fyrirgreiðslu. Síðan var komið að því að búa sig undir afmælis og hátíðarkvöldverðinn. Það hófst með kokteili þar sem formaður okkar Loftur Ingi Sveinsson, sæmdi þá Eggert J. Levi og Halldór Runólfsson, Melvin Jones orðunni fyrir góð störf í þágu klúbbsins og Lionsshreyfingarinnar.

Eftir að hafa gætt sér á miklum kræsingum matreiðslumeistarans Erlu Ívarsdóttur hótelsjóra á Geirlandi var svo sungið datt og dansað fram á nótt við hljómborðsleik heimamannsins Guðmundar Óla Sigurgeirssonar.

Á sunnudagsmorguninn dundaði fólk sér við morgunverð fram undir hádegi og síðan var haldið heimleiðis og komið að Grafarvogskirkju síðla dags og var það mál manna að ferðin hefði tekist ákaflega vel og er stjórn klúbbsins og öllum þeim sem tóku þátt í undirbúningi ferðarinnar færðar kærar þakkir.

*F.h. afmælisnefndarinnar
Halldór Runólfsson.*



Umhverfiskorn

Óson

Loftegundin óson er blá á litinn með einkennandi lykt sem finnst jafnvel við lágan styrkleika. Óson veldur plöntuskaða og það getur skaðað öndunarveg fólks. Óson er því líklegt til að auka tíðni astmatilfella, orsaki ertingu í nefi og augum, valdi óþægindum fyrir brjosti, höfuðverkjum, velgju og hósti ágerist. Einnig er talið að það dragi úr öndunaryrkni hjá heilbrigðum einstaklingum auk þess sem viðnám lungna við sjúkdómum minnkar og geti undir langvarandi álagi valdið varanlegum lungnaskemmdum.

Óson í heiðhvolfinu

Það eru þjár súrefnisfrumeindir sem mynda Óson. (O₃) og er orkuríkari sameind en súrefni (O₂) og því þarf orku til að mynda ósón. Í heiðhvolfinu sundra orkuríkir útfjólubláir sólargeislar súrefnissameindum og mynda þannig ósón. Við það safnast upp ósón sameindir og styrkurinn hækkar og verður mjög hár. Þetta lag af ósóni í heiðhvolfinu nefnist ósónlag og hindrar því að sterk útfjólublá geislun nái til jarðar.




Ósonmengun við yfirborð jarðar

Við yfirborð jarðar er orka sólargeislunar ekki nægileg til að mynda óson beint úr súrefni en samt sem áður getur myndast ósón niðri við jörðina. Til að það eigi sér stað þurfa að vera til staðar auðunnin efnasambönd í andrúmsloftinu sem geta leitt til myndunar ósons. Fyrir tilstuðlan köfnunarefnisoxíða (NO) og kolvetnissambanda (m.a. HC og PAH) ásamt orkulitilli ljósgeislun við yfirborð jarðar getur ósón myndast niðri við jörðu. Kolvetnissambönd myndast við ófullkominn bruna eldsneytis (blanda fjölmargra kolefnissambanda) í sprengihólfi bifreiðavéla en við þennan ófullkomna bruna myndast kolvetni (HC), ýmist óbreytt kolvetni eða hvarfaðar afleiður þess (t.d. fjölhringa arómatísk kolvetni, PAH), sem fer út með útblæstri.

Við ákveðnar veðuráðstæður, á svæðum þar sem er staðviðrasamt, heitt, sólríkt og mengað andrúmsloft, eykst styrkur ósons við yfirborð jarðar. Þessa varð fyrst vart í Los Angeles á fjórða áratug síðustu aldar en hefur seinna meir einnig orðið vart í mörgum borgum í Evrópu. Þessu fylgir gjarnan mikið hitamistur og kallast fyrirbrigðið photochemical smog á ensku, sem hefur verið þýtt sem þreykur á íslensku. Þreykur er þekkt fyrirbæri í stórborgum heimsins, en hefur þó minnkað nokkuð á vesturlöndum á allra síðustu áratugum vegna kröftugra mótvægisáðgerða.

Til þess að draga úr myndun ósons niður við jörð þarf að




minnka losun köfnunarefnisoxíðs og kolvetna út í andrúmsloftið. Þar koma hvarfakútar bíla að notum, en þeir breyta köfnunarefnisildi frá bílvelinni aftur í súrefni (ildi) og köfnunarefni, og brenna óbrunnar bensínleifar. Einnig er þörf á auknum kröfum um hreinsibúnað á orkuver og efnaverksmiðjur, og að lífræn spilliefni séu brennd í sérstökum brennsluofnum, sem búnir eru hreinsibúnaði.

Ósonmengun í Reykjavík

Á svæðum sem ofangreindar aðstæður eru ekki fyrir hendi er styrkur ósons nær jörðu yfirleitt lár og ræðst af flutningi ósons með loftstraumum frá menguðum svæðum þar sem geislun sólar og mengun eru hvað mest. Styrkur ósons í Reykjavík hefur mælst vera að meðaltali um 30-40 ppb á nóttunni, sem er um það bil sami styrkur og bakgrunnsstyrkur ósons við yfirborð jarðar á norðurhveli.

Fram hefur komið að óson hvarfast greiðlega við köfnunarefnisoxíð, sem myndast m.a. í sprengihólfulum bílvéla. Vegna þessa minnkar styrkur ósons við yfirborð jarðar í Reykjavík þegar morgunumferð hefst, um leið og styrkur köfnunarefnisdíoxíða (NO₂) eykst með aukinni umferð. Á köldum góðviðrisdögum hafa niðurstöður mælinga við umferðaræðar í höfuðborginni sýnt að óson hvarfast við köfnunarefnisoxíð frá umferðinni þangað til lítið sem ekkert óson er eftir í andrúmsloftinu. Sjá mynd.

- Jón Benjamínsson. Loftgæði í Reykjavík árið 1994. Heilbrigðis- eftirlit Reykjavíkur, 1995.
- Mælingar á ósoni við Grensásveg í Reykjavík
- Reglugerð nr. 745/2003 um styrk ósons við yfirborð jarðar



Ungmennabúðir Lions

Ungmennabúðir Lions voru haldnar í Hveragerði dagana 9. – 24. júlí 2015. 12 ungmenni frá jafnmörgum löndum tóku þátt. Löndin voru; Noregur, Svíþjóð, Finnland, Danmörk, Holland, Belgía, Þýskaland, Sviss, Austurríki, Ítalía, Tyrkland og Ísrael. Nokkrir Lionsklúbbar fóru svo með ungmennin í kynningarferðir vítt og breytt um Suðurland. Ungmennin voru afar ánægð með ferðina hingað og klúbbarnir telja að búðirnar hafi heppnast vonum framár.

Vilmundur Kristjánsson



Hópurinn við komuna í grunnskólann í Hveragerði en þar dvöldu þau.



Nokkur úr hópnum að bleyta í tám í Hveragarðinum í Hveragerði.



Hópurinn heimsótti Kjörís og hér eru þau í frystigeymslunni.



Nokkur úr hópnum að sjóða egg í Hveragarðinum í Hveragerði.



Hópurinn fékk að fara á hestbak hjá Eldhestum.



Aldís bæjarstjóri heilsaði upp á ungmennin á lokavöldi þeirra hér.